

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Ármúli 9.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 10. júlí 2015, breytingu á skilmálum deiliskipulags Suðurlandsbrautar, Hallarmúla, Ármúla og Vegmúla vegna lóðarinnar nr. 9 við Ármúla. Í breytingunni felst að heimilt er að lyftu- og tæknirými standi upp úr núverandi mænishæð húsa eins og búnaður og öryggissjónarmið krefjast. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Fannafold 217 og 217A.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 10. júlí 2015, breytingu á deiliskipulagi Foldahverfis, 4. og 5. áfanga, vegna lóðarinnar nr. 217-217A við Fannafold. Í breytingunni felst að stækka byggingarreit vegna núverandi sólstofu. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 14. júlí 2015.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfud.: 28. júlí 2015